

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 12. nóvember 2015 í máli nr. E-2831/2014:

Ragnar Unnarsson

(Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hdl)

gegn

Ríkissjóði Íslands

(Soffía Jónsdóttir hrl.)

Mál þetta höfðaði Ragnar Unnarsson, Skúlaskeiði 12, Hafnarfirði, með stefnu birtri 26. júní 2014 á hendur innanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Málið var dómtekið 22. október sl.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. september 2014 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn 14. maí 2014.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar, til vara þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi krefst í málinu bóta vegna þess að hann var handtekinn, færður á lögreglustöð og látinn dvelja um stund í fangaklefa þann 21. október 2013. Var hann staddur ásamt fleira fólki í Gálgahrauni þar sem vinna átti að hefjast við lagningu nýs Álftanesvegar í gegnum hraunið. Vildi fólkið mótmæla því að spjöll yrðu unnin á hrauninu.

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 22. október sl. Samhliða þessu máli voru flutt mál níu annarra sem voru stödd í Gálgahrauni umrætt sinn og krefjast einnig skaðabóta vegna handtöku. Voru teknar skýrslur sameiginlega í öllum málunum, þótt sumar vörðuðu einungis eitt af málunum.

Áður en rakinn verður framburður stefnanda og vitna er rétt að segja frá því að Hæstiréttur dæmdi þann 28. maí sl. í níu sakamálum sem ákærvaldið hafði höfðað á hendur einstaklingum sem tóku þátt í mótmælunum. Stefnandi var ekki ákærður.

Í dómi Hæstaréttar í einu þessara mála, þ.e. nr. 812/2014, segir:

Forsaga málsins, sem varðar atburði er áttu sér stað 21. október 2013, var sú að Vegagerðin áformaði haustið 2013 að hefja lagningu svokallaðs Álftanesveggar í Garðabæ sem að hluta til lægi um Gálgahraun. Framkvæmdirnar voru umdeildar og sættu meðal annars mótmælum á þeirri forsendu að þær hefðu í för með sér óafturkræf náttúruspjöll á hrauninu og umhverfi þess. Hafði nokkur hópur fólks mótmælt framkvæmdunum með friðsömum hætti þá um haustið og meðal annars komið saman í Gálgahrauni af því tilefni. Þá var uppi ágreiningur um lögmati framkvæmdanna, en fjögur nánar tilgreind náttúruverndarsamtök höfðu höfðað dómsmál til viðurkenningar á ólögmati þeirra og jafnframt krafist þess að lagt yrði lögbannd við því að ráðist yrði í framkvæmdirnar.

Í kjölfar þess að Vegagerðin óskaði aðstoðar lögreglu, meðal annars til þess að koma í veg fyrir mögulegar tafir á framkvæmdum vegna mótmælanna, var ráðist í þær að morgni 21. október 2013 með því að stór ýta hóf að ryðja fyrirhugað vegstaði. Lögregla var af þessu tilefni með viðbúnað á svæðinu en nokkurn fjölda mótmælenda hafði þá þegar drifið að. Mótmælin fóru að öllu leyti friðsamlega fram en mótmælendur höfðu komið sér fyrir í hrauninu, meðal annars innan vinnusvæðis, og neituðu að hlíta fyrir mælum lögreglunnar um að víkja vegna framkvæmdanna. Af gögnum málsins verður ráðið að markmið mótmælenda hafi öðrum þræði verið að hindra að framkvæmdir héldu áfram meðan dómur hefðu ekki gengið í umræddum málum. Fór svo að lögreglan fjarlægði í framhaldinu mótmælendur með valdi og nokkur þeirra voru handtekin af því tilefni ...

Nokkrir lögreglumenn voru leiddir sem vitni í þessu máli.

Kristján Helgi Þráinsson varðstjóri kvaðst hafa verið aðstoðarstjórnandi á vettvangi fram að hádegi, en hefði þá tekið við stjórninni. Hann sagði að það hefði verið búið að ákveða að gefa fólki færi á að fara út af svæðinu, út fyrir vinnusvæðið. Þau sem hefðu komið aftur inn á vinnusvæðið hefðu verið bornir út fyrir. Þau sem hefðu komið inn á svæðið enn á ný hefðu verið handteknir. Hann sagði að það hefði verið margtalað við hvern einasta mann. Það hefði orðið ljóst að ekki þýddi annað en að handtaka menn. Kristján sagði að mótmælin hefðu verið friðsamleg.

Gunnar Brynjólfur Sigurðsson lögreglumaður sagði að þeir hefðu fengið fyrir mæli um að sýna meðalhóf, fyrst hefði átt að biðja fólk að fara af vinnusvæðinu, síðan að gefa því fyrir mæli. Síðan hefði átt að færa það af vinnusvæðinu. Þau sem hafi komið aftur hafi verið handteknir. Gunnar sagði að mótmælin hefðu verið friðsöm. Hann kvaðst ekki muna hvernig vinnusvæðið hefði verið afmarkað.

Ólafur Aron Tryggvason lögreglumaður bar að hann hefði tekið þátt í mörgum handtökum, fólk hafi verið handtekið ef það fór ekki að fyrir mælum. Fyrst hafi fólk verið borið af svæðinu. Þau sem hafi komið aftur hafi verið handteknir. Ólafur sagði að mótmælin hefðu verið friðsöm.

Vignir Stefánsson lögreglumaður sagði að þeir hefðu haft fyrirumæli um að fá fólk til að fara af vinnusvæðinu. Hann kvaðst muna að nokkur hefðu fyrst verið beðin um að fara, en síðan hefðu þau verið handtekin.

Þá gáfu skýrslur þeir Eiður Guðnason, fyrrverandi alþingismaður, og Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir, sem tóku þátt í mótmælunum.

Eiður sagði að hann hefði farið á vettvang eftir að hann frétti að eitthvað stæði til af hálfu Vegagerðarinnar. Hann sagði að engar merkingar hefðu verið þegar hann kom á staðinn, en menn hafi svo farið að setja upp plastkeilur. Síðan hafi lögreglan farið að bera fólk út af þessu svæði sem þeir hafi kallað bannsvæði. Hluti svæðisins hafi aldrei verið merktur.

Eiður kvaðst aldrei hafa séð lögreglu koma fram eins og hún hafi gert þarna. Það hafi verið mikil hræðsla í loftinu við þessi friðsömu mótmæli. Aðgerðir lögreglu hafi verið úr öllu hófi.

Sveinn sagði að ekki hefði verið afmarkað neitt vinnusvæði í byrjun. Það hefði verið afmarkað og stækkað stöðugt eftir því sem þau hefðu flutt sig. Lögreglumenn hefðu verið mun fleiri en mótmælendur.

Einn stefnenda, Sævar Siggeirsson, sagði fyrir dómi að lögreglumenn hefðu notað orð um mótmælendur sem hefðu betur verið ósögð. Þá sagði Lárus Vilhjálmsson, sem er einnig einn stefnenda, að lögreglumenn hefðu sagt að þau væru heimsk og kallað þau fávita og bjána.

Stefnandi Ragnar Unnarsson sagði fyrir dómi að hann hefði verið kominn í hraunið um morguninn ásamt fleirum. Þau hafi séð til jarðýtu og síðan hafi lögreglan komið og beðið þau að fara. Sagði hann að það hefði ekki verið hægt að verða við því. Hafi þau þá verið borin burt eitt af öðru. Hann hafi verið fluttur að lögreglubíl og látinn þar laus. Hafi hann þá farið og komið sér fyrir í hraunkambinum. Lögreglan hafi komið aftur og beðið hann að fara. Þeir hafi strax byrjað að handtaka fólk og hann verið borinn burt. Hann hafi síðan verið handjárnaður og settur inn í bíl. Hafi hann verið hafður í jánnum uppi á lögreglustöð líka. Það hafi verið óþarfi að setja sig og hafa í jánnum svona lengi. Hann hafi verið rólegur og ekki sýnt neinn mótþróa.

Lárus Vilhjálmsson bar fyrir dómi að hann hefði séð er stefnandi var handtekinn. Þeir hafi leitt hann að lögreglubíl. Þar hafi hann mótmælt einhverju og þá hafi hann verið handjárnaður. Hann hafi ekki sýnt neinn mótþróa.

Í lögregluskýrslu segir að stefnandi hafi verið handtekinn vegna þess að hann neitaði að fylgja fyrirumælum um að yfirgefa lokað vinnusvæði. Hafi þurft að bera hann að lögreglubíl. Jóhannes Magnús Ármannsson varðstjóri kvaðst fyrir dómi ekki muna sérstaklega eftir handtöku stefnanda. Hann minntist þess hins vegar að hafa talað eitthvað við hann á vettvangi.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að aðgerðir og valdbeiting lögreglu umrætt sinn hafi verið úr öllu hófi og ekki í samræmi við tilefnið. Framferði lögreglu hafi verið ógnvekjandi og hún hafi verið vopnuð gasbrúsum, kylfum og handjárnnum. Markmiðið hafi augljóslega verið að handtaka stefnanda og aðra sem þarna hafi nýtt sér rétt sinn til friðsamlegra mótmæla. Lögreglan hafi búið sér til ástæðu til handtöku með því að afmarka stöðugt ný svæði með borðum og kalla vinnusvæði. Engum reglum um afmörkun vinnusvæðis hafi verið fylgt. Valdbeiting lögreglu gagnvart stefnanda hafi verið tilefnislaus og ólögmat.

Stefnandi byggir á því að í 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sé ekki nægilega skýr heimild til handtöku. Hvorki sé áskilið að lögregla gæti hófs né séu því sett önnur takmörk. Engin rök hafi verið færð fyrir þeim fyrirmælum sem stefnanda voru gefin, enda hafi engin ógn stafað af friðsömum mótmælum hans eða annarra. Þá telur stefnandi að 19. gr. stangist á við 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, vegna óskýrleika og þess að hún valdi réttaróöryggi. Dómafordæmi sýni að handtaka manns sem mótmæli friðsamlega sé veigamikil skerðing á tjáningar- og fundafrelsi, sbr. 73. gr. og 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Hafi verið brotið gegn þessum rétti stefnanda með handtökunni.

Stefnandi byggir á rétti sínum til frelsis og mannhelgi, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. mannréttindasáttmálans. Handtakan og vistun í fangaklefa hafi brotið gegn rétti hans til frelsis og mannhelgi. Ákvæði 5. gr. áskilji að í lögum séu ákvæði um bótarétt þess sem hefur verið handtekinn að ósekju og að unnt sé að koma honum fram. Þá feli ákvæðið í sér lögmatiskröfu, kröfu um að landsréttur sé skýr og fyrirsjáanlegur. Ákvæði 19. gr. lögreglulaga uppfylli ekki það skilyrði.

Stefnandi telur að með handtökunni hafi verið brotið gegn meðalhófsreglunni, sbr. 12. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga. Ekki hafi verið reynt að beita vægari úrræðum, eins og að aðhafast ekki eða láta duga að færa stefnanda til.

Samkvæmt framansögðu telur stefnandi að lögregla hafi brotið alvarlega gegn réttindum hans og annarra sem safnast höfðu saman til friðsamlegra mótmæla. Framkoma lögreglu hafi verið gerræðisleg og niðurlægjandi og særandi gagnvart stefnanda. Hafi hún valdið tilfinningalegu raski og varanlegum miska. Kveðst stefnandi krefjast miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá vísar hann til 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmálans og 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á því að allar aðgerðir lögreglunnar umrætt sinn hafi verið réttmætar og í samræmi við lög. Þá hafi meðalhófs verið gætt.

Þar til bær stjórnvöld hafi ákveðið að leggja veg um Gálgahraun. Gerður hafi verið verksamningur með tilteknum skiladegi. Einn þáttur verksins hafi verið að ryðja nýtt vegarstæði í gegnum hraunið.

Stefndi segir að samkvæmt 1. gr. lögreglulaga sé það meginhlutverk lögreglu að halda uppi lögum og reglu og stöðva ólögmæta háttsemi í samræmi við lög og lögreglusamþykkt. Hér gildi lögreglusamþykkt fyrir Garðabæ nr. 171/1988.

Stefndi vísar til reglu 60. gr. stjórnarskrárinnar um að hverjum manni sé skylt að hlíta yfirvaldsboði í bráð. Lögregla hafi heimild í 19. gr. lögreglulaga til að gefa almenningi fyrirmæli til þess að halda uppi lögum og reglu. Skylt sé öllum að hlýða slíkum fyrirmælum. Handtökuheimild sé bæði í a-lið 1. mgr. 16. gr. lögreglulaga og 90. gr. laga um meðferð sakamála.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ásamt öðrum verið staðinn að broti gegn 19. gr. lögreglulaga. Honum hafi verið gefin fyrirmæli um að færa sig út fyrir afmarkað vinnusvæði þannig að unnt væri að vinna lögmætar framkvæmdir. Honum hafi verið gefið skýrt til kynna að hann yrði handtekinn og kærður ef hsann hlýddi ekki fyrirmælum lögreglu. Hann hafi ekki hlýtt fyrirmælum og þannig brotið gegn 19. gr. Því hafi verið rétt að handtaka hann.

Stefndi byggir á því að meðalhófs hafi verið gætt. Stefnandi hafi hunsað varnaðarorð og ítrekuð fyrirmæli.

Stefndi vísar til dóma héraðsdóms og Hæstaréttar í ákærumálum sem höfðuð voru á hendur níu einstaklingum sem mótmæltu um leið og stefnandi. Þau hafi verið sakfelld fyrir brot gegn 19. gr. lögreglulaga. Aðstæður í þeim málum séu sambærilegar aðstöðunni í máli stefnanda.

Stefndi mótmælir því að bótaskilyrðum 26. gr. skaðabótalaga sé fullnægt. Handtaka stefnanda hafi verið réttmæt.

Stefndi mótmælir því að skilyrðum 228. gr. laga nr. 88/2008 sé fullnægt. Stefnandi hafi sjálfur átt sök á því að hann var handtekinn, hann hafi ekki hlýtt ítrekuðum fyrirmælum.

Stefndi mótmælir því að 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmálans veiti ríkari bótarétt en reglur laga nr. 88/2008.

Varakrafa stefnda um lækkun bótafjárhæðar er byggð á því að stefnandi eigi sjálfur sök á handtökunni og að kröfufjárhæðin sé allt of há og ekki í samræmi við dómaframkvæmd.

Niðurstaða

Að morgni 21. október 2013 var nokkur hópur fólks, þar á meðal stefnandi, samankominn í Gálgahrauni, þar sem til stóð að leggja veg yfir hraunið. Vildi fólkið mótmæla vegarlagningunni. Augljóst er af framburði þeirra sem gáfu

skýrslu fyrir dómi að hugur þeirra stóð til þess að hindra vegarlagningu yfir hraunið.

Hæstiréttur hefur í áður nefndum dómum í málum nr. 812-820/2014, sem kveðnir voru upp 28. maí sl., talið að umrædd vegarlagning hafi verið ákveðin af þar til bærum aðilum á lögmætan hátt. Verður því ekki hægt að fallast á að stefnandi og aðrir mótmælendur sem þarna voru hafi ætlað sér að koma í veg fyrir lögleysu. Fullyrðingar um að svæði þetta hafi verið friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum voru ekki rökstuddar fyrir dómi. Lögreglu var skylt að tryggja að verktakinn gæti unnið að vegarlagningunni án þess að stefnandi eða aðrir trufluðu þá vinnu með dvöl sinni á vinnusvæðinu.

Stefnandi telur að aðgerðir lögreglu og valdbeiting hafi verið úr öllu hófi og ekki í samræmi við tilefnið. Framferði hennar hafi verið ógnvekjandi og hún verið vopnuð. Á það má fallast með stefnanda að viðbúnaður lögreglu var augljóslega mikill umrætt sinn, en það felur ekki í sér brot gegn neinum réttindum stefnanda. Ósannað er að framganga lögreglu hafi verið vísitandi ógnvekjandi eða til þess fallin að hræða það fólk sem þarna hafði safnast saman. Stefnanda hefur heldur ekki tekist að sanna að ákveðið hafi verið fyrirfram að handtaka mótmælendur. Atvik málsins og skýrslur bæði mótmælenda og lögreglumanna fyrir dómi sýna að stefnandi og aðrir mótmælendur voru ítrekað beðnir að yfirgefa vinnusvæðið og að lögregla hafði fyrirmæli um að gæta hófs í aðgerðum sínum.

Stefnanda voru gefin fyrirmæli um að víkja af vinnusvæðinu. Hvort sem vinnusvæðið var skýrlega merkt eða ekki voru fyrirmæli lögreglu skýr og stefnandi hlaut að gera sér fulla grein fyrir því að hann væri staddur á vinnusvæðinu. Blásir við að hann ætlaði sér beinlínis að vera á vinnusvæðinu. Getur stefnandi ekki borið fyrir sig að svæðið hafi ekki verið réttilega merkt. Það sem ræður úrslitum er að stefnandi fékk skýr og lögmæt fyrirmæli frá lögreglu um að yfirgefa vinnusvæðið, sem hann hlýddi ekki vísitandi.

Í 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er að finna hátternisreglu sem mælir fyrir um skyldu manna til að hlýða fyrirmælum lögreglu. Samkvæmt 41. gr. sömu laga varðar brot gegn þessari reglu refsingu. Þessi ákvæði eru ekki handtökuheimild, þetta eru hins vegar fullgild refsíákvæði samkvæmt dómaframkvæmd. Handtökuheimild í þessu tilviki var í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Var fullnægt skilyrðum 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Um framkvæmd handtökunnar gilda almennar reglur eins og meðalhófsreglan, reglan um nauðsyn aðgerða í 14. gr. og síðari málslíð 2. mgr. 16. gr. lögreglulaga og reglur XIII. kafla laga nr. 88/2008.

Handtaka stefnanda var nauðsynleg eins og á stóð. Hluti mótmælenda hafði verið fluttur af vinnusvæðinu og sleppt utan þess, en höfðu þá farið aftur inn á vinnusvæðið annars staðar. Aðrar aðferðir voru fullreyndar og ljóst að flytja yrði mótmælendur, a.m.k. suma þeirra, á brott til þess að unnt væri að hefja hinar umdeildu framkvæmdir, sem eins og áður segir voru lögmætar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að stefnandi hafi verið vistaður í fangaklefa lengur en nauðsyn bar til. Lögreglan þurfti að skrá nöfn þeirra sem handteknir höfðu verið og aðrar upplýsingar um málið. Var stefnanda sleppt strax að því loknu. Var hann því jafnskjótt látinn laus í skilningi 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ósannað er að lögregla hafi vísitandi niðurlægt eða sært stefnanda.

Óumdeilt er að mótmælin voru friðsöm. Eins og fram kemur í áður nefndum dómum Hæstaréttar tryggja ákvæði stjórnarskrárinnar almennan rétt einstaklinga til þess að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir á friðsaman hátt. Þá veita þau hóp manna rétt til að nýta saman tjáningarfrelsi sitt með fundum eða sameiginlegum mótmælum. Þessum rétti má setja skorður með lögum, m.a. í þágu allsherjarreglu eða vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. og 11. gr. mannréttindasáttmálans. Eins og áður segir áttu framkvæmdirnar sér viðhlítandi stoð að lögum þegar í þær var ráðist. Lögreglu bar því, í samræmi við fyrir mæli e- og f-liða 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga, að tryggja framkvæmd þeirra og grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar voru til þess, sbr. og 15. gr. laganna. Þessar skorður verða einnig settar rétti manna til að safnast saman vopnlausir samkvæmt 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og segir í greindum dómum sem vörðuðu sömu mótmælin gengu aðgerðir lögreglu á vettvangi ekki lengra en þörf krafði og mótmælendum var eingöngu bannað að mótmæla á vinnusvæðinu sjálfu.

Handtaka stefnanda var nauðsynleg til að tryggja framgang lögmætra framkvæmda. Ekki var gengið lengra en nauðsyn krafði og stefnandi hefur sjálfur stuðlað að því að hann var handtekinn. Þótt leiddar séu nokkrar líkur að því að óþarft af hafi verið að hafa stefnanda í handjárnnum svo lengi sem raun bar vitni, getur það ekki breytt niðurstöðu málsins. Hann á því ekki rétt á miskabótum 228. gr. laga um meðferð sakamála. Þá var ekki unnin ólögmæt meingerð gegn persónu, friði, æru eða persónu stefnanda og verða því heldur ekki dæmdar bætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Ósannað er að stefnanda hafi verið valdið varanlegum miska. Verður stefndi sýknaður af kröfum hans.

Þótt niðurstaða málsins sýnist með öllu vafalaus er þó rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi hefur gjafsókn og er þóknun lögmanns hans ákveðin 350.000 krónur með virðisaukaskatti. Er þá litið til þess að hér hafa verið rekin samhliða tíu mál sem í öllum meginatriðum eru sambærileg.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknað af kröfum stefnanda, Ragnars Unnarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, 350.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Jón Finnbjörnsson

